

132. fundur skólanefndar ME

haldinn 20. sept. 2016 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Anna Björk Guðjónsdóttir, Esther Gunnarsdóttir og Halldór Warén sem varamaður í forföllum. Gauta Jóhannessonar.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Ísar Tandri Hlynsson og Hlynur Ármannsson. Steinunn Snædal boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Staðfesting síðustu fundargerðar**
- 2. Gangurinn í skólastarfinu**
- 3. Fjármál**
- 4. Samningar**
 - leigusamningur vegna sumarhótels
- 5. Ytra matið (skýrsla)**
- 6. Önnur mál**

Skúli Björn setur fund kl. 17.05 og gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting síðustu fundargerðar

Búið var að samþykkja fundargerð 131. fundar í tölvupósti og var hún staðfest með undirritun á fundinum.

2. Gangurinn í skólastarfinu

Árni gerir grein fyrir stöðu mála í skólastarfinu nú þegar fyrri haustspönn er hálfnuð. Búið er að halda tvo kennarafundi vegna leiðsagnarnáms. Borðauppröðun hefur verið breytt í stofum í samræmi við umræður á kennarafundi. Prófum á spannaskilum fer fækkandi og lítur út fyrir að sérstakir prófadagar séu að hverfa úr skóladagatalinu.

Árni hefur sett skýrslu um innra mat 2016 og heildarniðurstöður úttektar á starfsemi ME 2016 í „dropbox“ skólanefndar. Fjallað er nánar um síðarnefndu skýrsluna í lið 5, Ytra mat.

Árni fer lauslega í gegnum skýrslu Báru Mjallar um fjarnámið, sem einnig má finna í dropboxi. Um 60% nemenda skila sér til prófs og helmingur stenst sína áfanga.

Samkvæmt kennarakönnun er mikið álag á kennurum og kvíðastuðull hár. Árni gerir grein fyrir nýafstöðnum starfsmannafundi og starfsmannaferð í Skálanes. Nýnemaball og móttaka nýnema gengu í heildina vel. Tæplega 60 manns blésu í áfengismæli á ballinu.

Búið er að setja hljóðfæri í stofu 3 sem stórbætir aðstöðu tónlistarklúbbs ME. Hreindýramynd, sem tekin var af Skarphéðni Þórisssyni, hefur verið hengd upp á vegg í kennsluhúsi.

Verið er að leggja lokahönd á vinnumat kennara. Matið þykir nokkuð flókið en til mikilla bóta að hægt sé að skoða það í Innu. Kostir og gallar vinnumatsins ræddir.

3. Fjármál

Skólameistari fer í gegnum rekstraráætlun 2016. Áætlaður launaliður ársins 2016 er 394.244.136 kr. Áætlaður rekstrarkostnaður ársins er 488.447.844 kr. Áætlaður rekstrarkostnaður umfram tekjur 441.830.707 kr, en sértekjur verða samkvæmt áætlun um 48 milljónir.

Gert er ráð fyrir um milljón króna hallarekstri á árinu 2016 Horfur í rekstri virðast góðar en línur skýrast betur eftir að yfirvinnugreiðslur fara til kennara upp úr miðjum september. Þá verður betur hægt að átta sig á launaveltu síðustu mánaða ársins, og þar með á niðurstöðu ársins í heild. Formaður skólanefndar lagði áherslu á að fylgjast yrði vel með rekstrinum því að á síðustu tveimur árum hefði verið gengið á uppsafnaðan höfuðstól.

Skólameistari fer á námskeið hjá Ríkiskaupum í kringum næstu mánaðarmót þar sem m.a. verður fjallað um reglugerðir um innkaup. Ferðin verður einnig notuð undir fund í Fjársýslu ríkisins þar sem farið verður með skm í gegnum fjármál stofnunarinnar og lykiltöflur í rekstri.

Hægt og rólega virðast fleiri og fleiri skólar vera að þokast í hallarekstur vegna lækkaðra fjárframlaga til skólanna. Framlögin eru gjarnan ógegnsæ og erfitt að átta sig á þeim.

Katrín María, nýráðinn fjármálastjóri skólans, fór á námskeið í fjársýslu í seinustu viku og er að komast inn í sín störf.

4. Samningar

- leigusamningur vegna sumarhótelis

Skólameistari og formaður skólanefndar áttu fund með fulltrúa Ásgarðs í ágúst. Niðurstaðan varð sú að leigusamningur við Ásgarð var endurnýjaður með óbreyttum prósentutölum en um leið var gert samkomulag um kaup Ásgarðs á allt að 120 stólum á heimavistina.

5. Ytra matið (skýrsla)

Árni varpar upp heildarniðurstöðum úr ytra mati sem framkvæmt var síðastliðinn vetur. Matið lýsir bæði jákvæðum og neikvæðum þáttum en í heildina má segja að niðurstöður séu jákvæðar. Skila þarf úrbótaáætlun fyrir 1. desember. Skúli Björn nefnir að u.þ.b. tíu atriði þarfnist úrbóta skv. matinu.

Meðal þeirra þátta sem þarf að bæta eru heimasíða skólans, skipurit, endurmenntun starfsmanna, útskriftarhlutfall auk þess sem skólahúsnæðið þykir ekki svara vel nútímakröfum um sveigjanlegt vinnurými. Ársskýrslur hafa ekki birst á heimasíðu skólans og þriggja ára starfs- og fjárhagsáætlun vantar.

Þegar hefur verið skipuð nefnd sem heldur utan um heimasíðumálin. Skúli Björn telur að taka þurfi skipuritið til gagngerrar endurskoðunar, enda hefur það ekki verið uppfært lengi. Rétt sé að leggja uppfærða tillögu að skipuriti fyrir næsta fund nefndarinnar og taka hana fyrir þar. Hvetja þarf stærri hluta starfsmannahópsins til endurmenntunar, en um helmingur sækir endurmenntunarnámskeið. Sum þeirra námskeiða sem eru í boði eru því miður á tímum sem kennarar eiga erfitt með að fá sig lausa. Líta má á Lundúnaferðina í vor sem viðbrögð við skorti á endurmenntun.

Matsaðilum ytra mats þótti skólastarfið vera dýnamískt og kennarar bera sig vel. Þeir hittu 6-8 hópa kennara og nemenda, ræddu við 54 aðila og virtust ánægðir með þann anda sem ríkti í skólanum. Flokkunarmál eru í ágætum farvegi þótt alltaf megi gera enn betur.

Árni mun setja pdf útgáfu af heildarskýrslunni í dropboxið þegar hún liggur fyrir svo að skólanefndarfulltrúar geti lesið hana í þaula fyrir næsta fund þegar drög að úrbótaáætlun verða tekin til afgreiðslu.

Undir þessum lið var einnig rætt um að almenn ánægja virðist ríkja meðal kennara og nemenda með nýja rammastundaskrá, s.s. styttri kennslustundir og lengri frímínútur. Verið er að vinna að úrbótum í

vekefnatímum, s.s. smíða skilrúm milli borða og panta spjöld til að skerma borð af. Í núverandi stundatöflu hafa verið búnir til tímar (blokk 6) sem tryggja að nemandi getur hitt alla sína kennara í verkefnatíma einhverntíma í hverri viku.

6. Önnur mál

a) Starfsmannafundur

Skólameistari segir frá vinnu sem fram fór á starfsmannafundi síðastliðinn föstudag. Samkvæmt ákveðnu ferli mátu starfsmenn stöðu skólans í dag, settu fram hugmyndir um hvernig þeir vildu sjá hann í framtíðinni og vörðuðu leiðina að þeirri framtíðarsýn með tillögum um breytingar. Þessi vinna er ákveðinn grunnur að því umbótastarfi sem framundan er.

b) Endurskoðun skipurits og fleira

Skúli ítrekar mikilvægi þess að endurskoða skipurit skólans og samsetningu yfirstjórnar. Einnig er orðið tímabært að endurskoða verklagsreglur og fundasköp skólanefndar. Æskilegt væri að þeirri endurskoðun væri lokið áður en skipunartími núverandi skólanefndar rennur út í mars á næsta ári.

c) Vopnafjarðardeild

Halldór rifjaði upp fréttir af fyrirhuguðu skólaveri á vegum ME á Vopnafirði sem hefði af einhverjum ástæðum endað á Laugum. Það kann m.a. að helgast af því að Vopnfirðingar sækja frekar norður en austur til náms. Gæti einnig tengst því að Laugar bjóða upp á aðstöðu til að hýsa nemendum í staðbundnum lotum, s.s. vikutíma í senn. En allavegana völdu Vopnfirðingar frekar að fara í samstarf við Laugar þrátt fyrir að skólameistarar ME og VA hefðu fundað með þeim um möguleika hér eystra.

d) Heimavistin og annað húsnæði

Halldór spyr um nýtingu heimavistar. Um 100 af 115 rúmum eru nýtt sem er óvenju góð nýting miðað við undanfarin ár. Rætt um uppfærslu á læsingum í skólanum, sérstaklega á raflæsingum á öryggisútgöngum, og aðkallandi viðhald á baðherbergjum, m.a. sturtuklefum herbergja., gluggatjöldum. Einnig rætt um myrkvunartjöld í skólastofum, flutning bókasafns og göng milli kennsluhúss og vistarhúss.

e) Félagslífið

Ísar Tandri greinir frá því að félagslíf hafi farið vel af stað. Gúrkumót er nýafstaðið og áramót framundan. Búið er að setja upp borðtennisborð í stofu 5.

f) Samstarf við VA

Skúli Björn stingur upp á fundi skólameistara og skólanefndarformanna ME og VA, enda búið að sammælast um að hittast reglulega. Skúli Björn tekur að sér að koma á slíkum fundi.

g) Netmál

Gerð hefur verið tilraun með að loka fyrir net eftir kl. 1:00 á nóttunni. Ísar Tandri telur það ekki góða hugmynd að loka fyrir net nemenda sem vilja læra á þessum tíma. Verið er að skoða hugmynd um að takmarka símanotkun á kennslutíma, m.a. til að létta álagi af tölvukerfinu. Umræða skapast um tækjanotkun og tölvukerfi.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:17.
Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.*